



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00

Sundlaug - tjaldstæði – gisting

Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn

Fjölbreyttar veitingar

sími 464 3903

www.heidarbaer.is

Seljum Veiðikortið og Útilegukortið

Skilati mi í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út *á fimmtudögum*
og því rennur skilafrestur auglýsinga út **á þriðjudögum**

kl. 15:00. 😊



ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálfsiðu er kr.2700.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3885.- m.vsk

The love of Iceland in Ameríka

Íslendingar í Ameríku

Safnahúsið, föstudaginn 24. ágúst kl. 17:00

Sunna Pam Furstenau er fulltrúi Þjóðræknifélags íslendinga í Ameríku og starfar að rannsóknum á landnámi og sögu íslendinga í vesturheimi. Hún er á fyrirlestrarferðalagi um Ísland og flytur erindið á 12 stöðum. Fyrirlesturinn byggir á myndasýningu með 400 myndum sem Sunna Pam gæðir lífi með tengdum frásögnum.

Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

Smalanir í Fjallskiladeild Reykdæla 2012

Aðalsmölun skal fara fram sunnudaginn 9. september n.k. Þó skal smala sunnan veggirðingar á Fljótsheiði vestan Seljadalsár laugardaginn 8. september.

Síðari smölun vestan Reykjadalárs skal fara fram 29. og 30. september n.k.

Síðari smölun austan Reykjadalárs skal fara fram 6. og 7. október n.k.

Mínnt er á skyldur eigenda og umráðamanna lands til til smölunar sbr. 32. og 33. gr. fjallskilasamþykktar svæðisins nr. 618/2010. Fjallskilasamþykktina er m.a. að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar. (thingeyjarsveit.is).

Stjórn Fjallskiladeildar Reykdæla

7. Breyting á nefndarskipan:

Árni Pétur Hilmarsson hættir sem aðalfulltrúi í Fræðslunefnd og tekur sæti aðalfulltrúa í Skipulag- og umhverfisnefnd, varamaður í Skipulag- og umhverfisnefnd verður Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Sigurður Hlynur Snæbjörnsson hættir sem aðalfulltrúi í Skipulags- og umhverfisnefnd og tekur sæti sem aðalfulltrúi í Fræðslunefnd.
Samþykkt samhljóða.

Til kynningar:

B) Fundargerð 145. fundar HNE:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Árni Pétur Hilmarsson

Eiður Jónsson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson



Skólasetning 2012

**Framhaldsskólinn á Laugum
verður settur í íþróttahúsi skólans
sunnudaginn 26. ágúst kl. 18.00**

Heimavistir opna kl. 13.00

**Verið öll innilega velkomin og
þiggið veitingar að athöfn lokinni.**

**Skólameistari
Framhaldsskólans á Laugum**

fyrir erindinu.

Sveitarstjórn samþykkir erindið þar sem framkvæmdir sem sótt er um leyfi fyrir eru í samræmi við umhverfismat 200 MW virkjunar á Þeistareykjum, Svæðisskipulag háhitasvæða í

Þingeyjarsýslum 2007-2025 og samþykkt deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar frá 2012. Framkvæmdaleyfið gildir í eitt ár eða til 16. ágúst 2013.

3. Erindi frá Ragnheiði Ólafsdóttur:

Tekið fyrir erindi frá Ragnheiði Ólafsdóttur dags. 11. júlí þar sem óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar á nafninu „Stekkjarkjarrhvatn“ á sumarhúsi hennar, fastanúmer 216-1461 í landi Lunds í Fnjóskadal, lóð 153302, samkvæmt fasteignaskrá. Sveitarstjórn samþykkir nafngiftina fyrir sitt leyti.

4. Umsókn um rekstrarleyfi – Einishús ehf.:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um nýtt rekstrarleyfi fyrir Einishús ehf. til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga í sumarhúsi við Einarstaði 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

5. Styrkbeiðni – Bekkir og ruslafötur:

Lögð fram styrkbeiðni frá Guðnýju Þorbergsdóttur þar sem hún óskar eftir styrk til að setja niður bekki og ruslatunnur á opnum svæðum fyrir göngufólk og ferðamenn.

Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjanda.

6. Beiðni um umsögn - Norðurhlíð:

Tekið fyrir erindi frá Elínu Kjartansdóttur og Agnari Kristjánssyni, ábúendum Norðurhlíðar, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðra kaupa á jörðinni. sbr. 36. gr. jarðarlaga nr. 81/2004.

Sveitarstjórn mælir með kaupunum.



Breyttur opnunartími út ágúst.

Veitingastaður og verslun:
Opið kl. **10-21** alla daga.

Enski boltinn er byrjaður og flestir leikir verða sýndir,
nánar auglýst á 641.is

1. september er eitt ár liðið frá því við keyptum
Útibú ehf sem rekur Dalakofann.

Að því tilefni ætlum við að vígja nýjan hellulagðan pall
sunnan og austan við staðinn.
Nánar auglýst í næstu viku.

Halli Bó og fjölskylda

Dalakofinn Laugum
S: 4643344

MESSA FELLUR NIÐUR.



Messa sem fyrirhuguð var á Þóroddstað
næstkomandi sunnudag, 26. ágúst
fellur niður.

séra Þorgrímur.

Ugla og Gamli barnaskólinn í Skógum

Viðburðir næstu vikur

KYRRÐ og UPPLIFUN Myndlistarsýning til 30.ágúst
Hildur Björnsdóttir og Agnes Þórunn Guðbergadóttir

24. til 26. ágúst Dráttarvélur og aðrar landbúnaðarvélur
Sýning Ketils Tryggvasonar á líkönum af landbúnaðarvélum.

24. og 25.08 Þórunn hyrna og völván Heiður líta í heimsókn

25. ágúst Reykjagulræturnar rata á hlaðið í Skógum

26. ágúst kl. 20:30 Jarðsaga Fnjóskadals í máli og myndum
Oddur Sigurðsson, jarðfræðingur

29. ágúst kl. 19 – 22 Draumar – auður svefnisins
Örnámskeið: Leiðbeinandi Valgerður H. Bjarnadóttir

31. ágúst TENGJA opnun ljósmyndasýningar Hrefnu Harðardóttur

1. og 2. september kl. 12 – 18 Uppskerumarkaður

Opið þriðjudaga til föstudaga frá kl. 14 – 18
laugardaga kl. 14 – 21 (1.sept er opið 11 - 21)
sunnudaga kl. 11 – 18
Lokað mánudaga

Nánari upplýsingar og skráning á námskeið
www.vanadis.is uglan@vanadis.is og í síma 895 3319

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
107. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 16. ágúst 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

- 1.Fundarsetning:
- 2..Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir borun á Þeistareykjum:
- 3..Erindi frá Ragnheiði Ólafsdóttur:
- 4.Umsókn um rekstrarleyfi – Einishús ehf.:
- 5.Styrkbeiðni – Bekkir og ruslafötur:
- 6 .Beiðni um umsögn - Norðurhlið:

Til kynningar:

B)Fundargerð 145. fundar HNE:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Eiður Jónsson í forföllum Friðriku Sigurgeirsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1.Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 7. lið; breyting á nefndarskipan.
Samþykkt samhljóða.

2.Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir borun á Þeistareykjum:

Lögð fram umsókn frá Árna Gunnarssyni, verkefnisstjóra, f. h. Þeistareykja ehf þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi með vísan í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein

34.tbl.
23. ágúst
2012
19. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Framhaldsskólinn á Laugum Námsbraut í ferðamálafræðum Haust 2012

Framhaldsskólinn á Laugum býður upp á nám í ferðalandafræði FER 202 á haustönn 2012.

Þetta er annar áfanginn sem kenndur er á **námsbraut í ferðamálafræðum** við Framhaldsskólann á Laugum .

Kennsla hefst 4. september og lýkur 12. desember 2012.

Inntökuskilyrði eru að hafa lokið grunnskólaprófi.

Innritað er í áfangann til **3. september 2012** hjá ritara Framhaldsskólans á Laugum.

Kennari verður Þórir Aðalsteinsson, framhaldsskólakennari

Áfangalýsing: Nemendur skulu þekkja helstu ferðamannastaði í byggð og óbyggð. Þeir eru upplýstir um helstu ferðamöguleika, eftir hverju er að sækjast fyrir ferðamenn á Íslandi, helstu einkenni þjóðlífs og náttúru landsins og séu færir um að miðla þeirri þekkingu .

Nemendur hafi tileinkað sér helstu atriði náttúruverndar og kunni skil á hvernig nýting lands og ýmis afþreying í ferðaþjónustu getur farið saman.

Námsefni: Efni tekið saman af kennara – vettvangsferðir – gestafyrirlesarar. NámsEfnið verður á Netinu og námsmatíð byggir á nokkrum raunhæfum verkefnum, sem auðvelt er að tengja t.d. eigin starfi.

Kennsluaðferðir: Áhersla er á þátttöku og virkni nemenda og hvatt til sjálfstæðra vinnubragða. Hagnýt, raunhæf verkefni eru stór hluti námsins.

Nánari upplýsingar veita skólameistari og áfangastjóri í síma 4646300.

Frá Stórutjarnaskóla

Stórutjarnaskóli verður settur
mánudagskvöldið 27. ágúst kl 20:30.

Allir hjartanlega velkomnir

Skólastjóri

Frá Bókasafni Aðaldæla, Ýdölum.



Safnið verður opið á miðvikudagskvöldum í vetur, kl. 20:30- 22:00

Fyrsti opnunartími 29. ágúst nk.

Einnig á þriðjudögum kl. 12:30-14:00

Um að gera að hefja lesturinn af kappi!!

Bókavörður